

## GREINARGERÐ UM STARFSTILHÖGUN FJALLSKILA

### Um smölun heimalanda og úrtíning til og frá réttum.

Hver ábúandi er skyldur að hafa aðstöðu til innrekstrar og sundurdráttar á því fé sem úr hans heimalandi kemur. Skal hann sjá um sundurdrátt á því fé sem á að ganga til réttar, svo úrtíningsmenn geti gengið að fénu án tafa. Bílfært sé að geymsluhólfi úrtínings. Það er ekki æskilegt að fé af nágrannabæjum sé flutt til réttar, slíkt veldur óþarfa þvælingi á fé og er mælst til þess að ábúendur og fjáreigendur sjái til þess að það þurfi ekki að verða nema í litlu mæli.

Fjallskiladeild sér um flutning á úrtíningi til fyrstu og annarar réttar og svo utansveitar fé úr þriðju heimalandasmölun.

Fjáreigandi sér um sitt fé, af þeirri rétt sem hann á sókn til.

Úrtíningsmenn sækja fé á þverarrétt og Fótarrétt. Skulu þeir flytja féð til réttra eigenda, allt að einni kind. Er nóg að sleppa fé í gjöringar við veginn til að spara akstur. Fjallskiladeild sér ekki um flutning á úrtíningsfé á milli gangna, né eftir að réttum er lokið, öðru en utansveitarfé, til eða frá.

Þar sem aðeins eru auglýstar á gangnaseðli tvennar smalanir á heimalöndum, er áhersla lögð á að allir sinni því af vandvirkni, jafnt ógirt land sem afgirt, ef fjár er von.

Fjallskilastjóri áskilur sér rétt til að boða fleiri smalanir ef tvennar leitir að hausti duga ekki.

Ef fé finnst í heimalöndum eftir að smölun er lokið og það megi rekja til þess að illa eða ekki hafi verið smalað, skal viðkomandi bóndi sjá til þess að það komist til réttra eigenda.

### FJALLSKILASTJÓRI



## Fjallaskil i Tungudeild haustið 2016

Heimili	Vetrar fóðrað Fjár- tala	Gangna- kostn. á kind 650	Austur Sandar og Svartárdalur		Vestur Sandar og Miðpartur		Skarðs- dalur		Tímburvalla- dalur		Hjaltadalur		Belgsárdalur		Akstur		Bæjar- rekstur		Bíla- kostn.	Skuld
			1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g	1.g	2.g		
Brúnagerði	5	3,250																		3,250
Steinkirkja	70	45,500						20,000		20,000										5,500
Veturliðastaðir	53	34,450									30,000								15,000	-10,550
Hróarsstaðir	65	42,250						20,000							20,000					2,250
Nes	30	19,500						20,000												-500
Hrisgerði	192	124,800			30,000	30,000	10,000													14,800
Kambstaðir	334	217,100			90,000	60,000	10,000								23,000				30,000	-5,900
Birkihlið	10	6,500		10,000																-3,500
Sigríðarstaðir	214	139,100								20,000										4,100
Háls	200	130,000								20,000										20,000
Samtals	1173	762,450	10,000	120,000	90,000	20,000	20,000	80,000	60,000	30,000	20,000	20,000	23,000	10,000	20,000	20,000	10,000	90,000		29,450

## Tilhögun fjallskila haustið 2016

Nú verður byrjað á að ganga afréttarlönd og heimalönd sem þeim fylgja. Lagt er af stað í fyrstu göngur fimmtudaginn 1. september og gengið 2. og 3. sept. og réttáð 4 sept. Í aðrar göngur verður lagt af stað föstudaginn 23. september og gengið 24. og 25. Smölun til fyrstu gangna á Skarðsdal, Reykjafjalli, Sellandi og Illugastöðum fer fram laugardaginn 3. september og til annarra gangna sunnudaginn 25. september. Smölun á heimalöndum til fyrstu gangna verða þá laugardaginn 17. september. Aðrar göngur í heimalönd skulu vera 1. október.

Þá skal hreinsa allt ókunnugt fé úr heimalöndum og úrtíningur fluttur til réttar í samráði við fjallskilastjóra.

Þriðju göngur boðaðar síðar.

Fjáreigendum sem eiga fjár von á Illugastaðarétt er bent á að lagfæra

þá dilka í réttinni sem þeim tilheyra.

Skuldir eru með gjalddaga 1. des. 2016 og óskast greiddar fyrir 15. des. 2016.

Gangnastjórar verða:

Á Timburvalladal maður frá Sigríðarstöðum og bíll í allar göngur.

Á Hjaltadal maður frá Veturliðastöðum og bíll.

Á Bleiksmýrardal maður frá Kambsstöðum og bíll.

Gangnastjórar ákveða brottfarartíma. Hermann á Sigríðarstöðum sér um úrtíning úr Bárðardal, fyrstu og aðrar göngur. Haukur á Kambsstöðum sér um úrtíning úr Eyjafirði, fyrstu og aðrar göngur.

Eins og gangnaseðillinn ber með sér er dagsverkið metið á 10.000 kr., sem er: Austurdalagöngur 2 dagsverk og Sandagöngur 3 dagsverk.

Önnur gangnasvæði eru 1 dagsverk.

Réttardagur á Illugastaðarétt er sunnudagurinn 4. september og hefst sundurdráttur kl. 9:00.

Með ósk um gott samstarf og góða ferð í göngurnar.

Hermann R. Herbertsson

Ingvar H. Kristjánsson

Ásgeir Sigurðsson